

Ed. 290. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins.

Frá menntamálanefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi ýtarlegt frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins.

Greinargerð.

Fyrir þinginu liggja nú tvö frv. um húsmæðrafræðslu, annað um húsmæðrafræðslu í sveitum og hitt um húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík. Frv. um húsmæðrafræðslu í sveitum hefir verið mjög rækilega undirbúið og samið með sérstöku tilliti til ástæðna í sveitum, og er miðað við það, að geta fullnægt kröfum kvenna í öllum sveitum landsins. Enn sem komið er vantar samskonar undirbúning að löggjöf um heildarskipulag að því er snertir húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Virðist nefndinni nauðsynlegt, að ríkisstjórnin láti undirbúa málið á þeim grundvelli fyrir næsta Alþingi, svo að þá verði hægt að ljúka við almenna löggjöf um húsmæðrafræðslu í öllum kaupstöðum landsins.